

EFTIRLITSSKÝRSLA

Klausturbleikja Skaftárhreppi.



Dags eftirlits	7.11.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Klausturbleikja	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Klausturvegi 5 / Teygingalækur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660290-1849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Bergmann Unnarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	556946,066 598602,647

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað. 2) Framleiðsla ársins 2023 var umfram heimild í starfsleyfi. Ein ábending var sett fram, þess efnis að staðfesta þarf að útreikningar á fosfórlosun ársins 2023 séu réttir. Sex eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram: 1) Hættuleg efni, t.d. formalín, voru geymd án viðeigandi lekavarna á gólfi í húsnæði rekstraraðila. 2) Rekstraraðili framleiddi 94 tonn af bleikju árið 2022 sem er umfram heimild í starfsleyfi. 3) Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2021. 4) Ársyfirliti var ekki skilað fyrir árið 2022. 5) Árið 2023 var styrkur svifagna í frárennsli og viðtaka ekki mældur. 6) Losun fosfórs árið 2022 var 10,6 kg/framleitt tonn, en hún má ekki vera yfir 7 kg/framleitt tonn.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Klausturbleikju, Teygingarlæk. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 90 tonnum af bleikju á ári. Starfsleyfið gildir til 1. september 2028.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Úrbótaáætlun var ekki skilað í kjölfar eftirlits ársins 2023 en frestur til þess var til 18. september 2023. Ítrekun var send þann 9. apríl 2024 en ekki hefur verið brugðist við henni. Í eftirlitinu nú var farið yfir þau sex frávik sem voru opin. Staðfest var að engin efni eru geymd án viðeigandi lekavarna og er frávikum sem sneri að geymslu efna því lokað. Úrbótum á öðrum frávikum er ekki lokið.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað sem er frávik frá starfsleyfi. Ársyfirliti hefur ekki heldur verið skilað fyrir árin 2021 og 2022 og eru eldri frávik opin varðandi þau skil. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 15. apríl 2024. Frárennismælingar voru ræddar en þær skal, skv. starfsleyfi, gera að vetri annað hvert ár, næst nú í vetur þ.e. 2024-2025, og skila niðurstöðum fyrir 1. apríl. Frávik varðandi frárennismælingar veturinn 2022-2023 er enn opið. Framleiðsla ársins 2023 skv. grænu bókhaldi var 198 tonn sem er langt umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi og því skráð frávik. Frávik vegna framleiðslu umfram heimiluð mörk árið 2022 er enn opið. Niðurstöðum útreikninga á fosfórlosun var skilað og var losunin skv. þeim 7,0 kg/framleitt tonn. Eftirlitsaðili fer fram á að farið verði yfir útreikningana til að staðfesta að þeir séu réttir en að öðrum kosti verði leiðréttum útreikningum á fosfórlosun skilað. Frávik vegna of mikillar losunar fosfórs árið 2022 er enn opið.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðum matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Þær áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi voru skoðaðar. Uppfæra þurfti áætlun um gangsetningu og stöðvun rekstrar og neyðaráætlun og var það gert í kjölfar eftirlitsins.

- Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Setjtjörn var skoðuð og rætt um að sýni úr frárennsli skuli taka við útfall tjarnarinnar. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða frágang.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 3.5 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Framleiðsla ársins 2023 var umfram heimild í starfsleyfi.


ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu þess efnis að staðfesta þarf að útreikningar á fosfórlausun ársins 2023 séu réttir. Ef útreikningarnir reynast rangir þarf að skila réttum útreikningum til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.12.2024


Freyr A. Evarsson